

SAMNINGUR VIÐ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Leikskáldafélag Íslands og Rithöfundasamband Íslands annarsvegar og Þjóðleikhúsið hinsvegar gera með sér svofelldan samning:

1. gr. Sýningarréttur

Þjóðleikhúsinu ber að gera skriflegan samning við höfund jafnskjótt og verk hans hefur verið samþykkt til flutnings. Leikhúsið skal staðfesta móttöku handrits með dagsettri og undirritaðri yfirlýsingu. Leikhúsið skuldbindur sig til að gefa höfundi svar innan 4 mánaða frá því handrit berst leikhúsinu um það hvort leikrit hans verði tekið til sýninga. Leikhúsið hefur sýningarrétt á keyptu leikverki svo lengi sem sýningar eru samfelldar. Við sérstakar aðstæður má þó gera hlé á sýningum allt að 9 mánuðum. Ef sviðsetning verks er ekki hafin innan tveggja ára frá undirritun samnings missir leikhúsið flutningsréttinn, en lágmarkshöfundargreiðslu skal þó greiða að fullu sbr. 2. gr. innan eins árs.

2. gr. Höfundagreiðsla

Við frumflutning leikrits (leikverks) greiðir Þjóðleikhúsið lágmarkshöfundagreiðslu sem er kr. 1.780.000 þegar um fyrsta verk höfundar í leikhúsinu eða sambærilegu atvinnuleikhúsi er að ræða, en annars kr. 1.820.000 og greiðist sem hér segir:

A. Fullbúið verk.

Helmingur lágmarksgreiðslunnar greiðist við undirritun samnings, 30% við fyrstu æfingu og 20% strax eftir frumsýningu.

B. Verk í smíðum.

Fyrir verk í smíðum greiðist

- 1/8 af lágmarkshöfundarlaunum þegar leikhúsið semur við leikskáld um að vinna að verki byggðu á hugmynd eða verklýsingu.
- 1/8 einum mánuði eftir fyrstu greiðslu
- 1/8 við skil á drögum að verkinu
- 1/8 við skil á fullbúnu handriti
- 2/8 við fyrstu æfingu
- 2/8 strax eftir frumsýningu.

C. Höfnun

Ef fullbúnu verki er hafnað, heldur leikskáldið þeim greiðslum sem þegar hafa verið inntar af hendi.

Höfundargreiðsla er verktakagreiðsla nema um annað sé samið sérstaklega.

3. gr. Viðbótargreiðsla

Fyrir einstakar sýningar, eftir að 10.000 aðgöngumiðar hafa selst, greiðist mánaðarlega eftir á 12% af andvirði seldra aðgöngumiða umfram það. Ef um er að ræða söngleik með hækkuðu miðaverði, er eftir sem áður miðað við venjulegt miðaverð.

4. gr. Endurflutningur

Lágmarkstrygging fyrir endurflutning skal nema a.m.k. helmingi þeirrar upphæðar sem tilgreind er í 2. grein. Það telst vera frumflutningur leikverks ef það hefur ekki áður verið sýnt hérlendis í atvinnuleikhúsi eða sjónvarpi. Sé um endurflutning að ræða greiðir leikhúsið pr. sýningu þá upphæð sem tilgreind er í 3. grein og með sömu skilmálum eftir að 10.000 aðgöngumiðar hafa verið seldir.

5. gr. Stutt leikverk

Leikrit sem er 70 mínútur eða lengra telst vera heils kvölds verk og sömuleiðis barnaleikrit sem er 60 mínútur eða lengra. Ef fleiri en eitt stutt leikrit mynda heils kvölds sýningu skiptast höfundarlaunin milli höfunda í hlutfalli sem tilgreina skal í samningi. Sé um að ræða stutt verk eða einþáttung, sem leikhúsið sýnir með lækkuðu aðgöngumiðaverði, mega greiðslur skv. 2. grein lækka hlutfallslega.

6. gr. Tilraunaverk og leiksmiðjuverkefni

Í sérstökum tilvikum, þegar um tilraunaverk að leiksmiðjuverkefni er að ræða, skal höfundur fá greitt í hlutfalli við framlag sitt til verkefnisins. Greiðsla til höfundar skal þó aldrei nema lægri upphæð en ¼ lágmarkshöfundargreiðslu sbr. 2. gr. Þegar um leiksögu er að ræða, t.d. fyrir spuna eða danssýningu, skal greiðsla til höfundar aldrei vera lægri en 1/8 af lágmarkshöfundargreiðslu.

7. gr. Þóknun fyrir þýðingar

Fyrir afnotarétt þýðinga eftir félagi í Leikskáldafélagi Íslands og Rithöfundasambandi Íslands greiðir Þjóðleikhúsið:

- A. Venjulegt heils kvölds leikrit: kr. 300.000
- B. Leikrit, sem krefst meiri vinnu af þýðanda vegna málsfars, stíls eða lengdar: kr. 450.000
- C. Leikrit í bundnu máli: kr. 600.000

Lágmarksgjald fyrir þýðingar fellur allt í gjalddaga þegar þýðandi hefur skilað verki sínu til leikhússins. Þegar 15.000 aðgöngumiðar hafa verið seldir greiðir leikhúsið þýðandanum aukabóknun að upphæð kr. 60.000,-. Fyrir endurflutning leikrits skal þýðandi fá helming ofangreindra greiðslna.

8. gr. Staðfærslur

Ef þýðing felur í sér staðfærslu, þ.e. aðlögun efnis að öðrum aðstæðum en felast í frumtexta, skal þóknun aldrei vera lægri en B liður 6. greinar kveður á um. Ef um verulega staðfærslu er að ræða, þ.e. endursamning efnisins að hluta, skal greiða aukalega 12% af B. lið 7. greinar.

9. gr. Leikgerðir

Leikhúsið skal í öllum tilfellum greiða full höfundarlaun fyrir leikgerðir (sbr. grein 2). Það telst vera leikgerð ef annarri tegund bókmenntaverka er breytt í leikrit. Höfundargreiðsla skiptist milli frumhöfundar og leikgerðarhöfundar samkvæmt hlutfalli sem samið er um sérstaklega. Hafi réttur frumhöfundar fallið úr gildi, rennur hlutfall hans af höfundarlauninum til Leikskáldafélags Íslands. Höfundur leikgerðar skal þó aldrei fá minna en sem nemur 50% af lágmarkshöfundargreiðslu.

10. gr. Sýningar í sjónvarpi

Leikhúsið áskilur sér rétt til að semja við framleiðendur sjónvarpsefnis um sýningu í sjónvarpi á uppfærslum leikhússins að höfðu samráði við höfund.

11. gr. Myndefni úr sýningu

Leikhúsið skal láta höfundi í té a.m.k. 10 góðar ljósmyndir úr sýningunni af myndum þeim sem teknar hafa verið vegna kynningar á verkinu. Auk þess skal höfundur eiga rétt á afriti til einkanota af myndbandsupptöku eða annarri sambærilegri upptöku sem gerð hefur verið af endanlegri sviðssetningu verksins. Heimilt er höfundi að nota allt að 90 sekúndna samfelldan kafla úr slíkri upptöku til kynningar á höfundarverki sínu.

12. gr. Breytingar á launaviðmiðun

Allar greiðslur í samningi þessum taka á samningstímanum mið af breytingum sem verða á launavísitölu frá og með 1. ágúst 2005 samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands og skulu uppfærðar ársfjórðungslega.

13. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu. Hann gildir frá undirskriftardegi til 1. apríl 2009. Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa um eitt ár í senn, hafi enginn aðila látið í ljós skriflega ósk um endurskoðun hans tveimur mánuðum áður en gildistíminn rennur út.

14. gr. Annað

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur og skuldbinda aðilar sig til að mæta með innanbæjarfyrirvara.

Reykjavík, 18. mars 2005.

Með fyrirvara um samþykki félagsfunda.

Fyrir hönd Þjóðleikhússins

Fyrir hönd Leikskáldafélags Íslands

Fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands

**Bókanir með samningi Leikskáldafélags Íslands og Rithöfundasambands Íslands annars-
vegar og Þjóðleikhússins hinsvegar:**

Bókun 1. Starfslaun

Aðilar sammings þessa eru sammála um að leikhúsið skuli stefna að því að hafa ævinlega leikskáld á starfslaunum, þannig að tólf mánaðarlaunum af opinberri fjárveitingu leikhússins verði varið til starfslaunasamninga leikskálda ár hvert.

Bókun 2. Leikritaútgáfa

Aðilar sammings þessa vilja stuðla að því að ný íslensk leikrit sem leikhúsið sýnir verði jafnan gefin út í tengslum við frumsýningu.

Reykjavík, 18. mars 2005.
Með fyrirvara um samþykki félagsfunda.

Fyrir hönd Þjóðleikhússins

Fyrir hönd Leikskáldafélags Íslands

Fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands